Nd. **448. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta á nokkrum fundum.

Aðalástæðan til þess að meiri hluti nefndarinnar vill afgreiða þessi heimildarlög, er sú, að hann álítur, að með stofnun slíks banka, sem hjer er gert ráð fyrir, myndi aukast að mun erlendur gjaldeyrir í landinu, fyrst með því erlenda hlutafje, sem fengist með bankastofnuninni, og þó sjerstaklega með því lánsfje, sem gera verður ráð fyrir, að bankinn fái erlendis, því ætla má, að aðalstarfsfje bankans, auk hlutafjárins, verði erlent lánsfje.

Innlent innlánsfje mun bankinn tæplega fá að neinu ráði fyr en hann er búinn að starfa nokkur ár og vinna traust landsmanna.

Vjer álítum ekki, að hin fyrirhugaða bankastofnun komi að neinu leyti í bága við hagsmuni þeirra banka, sem fyrir eru.

Nefndin hefir ekki getað fallist á að veita bankanum sömu hlunnindi og sparisjóðum eru veitt með lögum nr. 44, 3. nóv. 1915.

Hinsvegar vill meiri hlutinn veita bankanum skattfrelsi á meðan lög nr. 11, 7. júní 1902, eru í gildi, en að bankinn aftur á móti greiði vissan hluta af ársarðinum í ríkissjóð.

Nefndin vill beina því til ríkisstjórnarinnar, að hún noti ekki þessi heimildarlög, nema vissa sje fyrir þátttöku þektra erlendra banka eða fjármálamanna til stofnunar bankans og til viðskifta handa honum erlendis.

Að öðru leyti skírskotast til greinargerðar fyrir frumvarpinu, svo og að nokkru til álits samvinnunefndar fjárhagsnefnda 1920 (þskj. 155).

Samkvæmt framanrituðu ræður meiri hluti nefndarinnar háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. 1. gr. stafliður *a* hljóði svo:

   Ef viðurkenning fyrir innláni glatast, getur bankinn kallað handhafa hennar með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar í blaði því, er flytur stjórnvaldaauglýsingar, með 6 mánaða fyrirvara að gefa sig fram við bankann, og ef enginn hefir gefið sig fram áður en tjeður frestur er liðinn, þá má bankinn greiða upphæðina þeim, sem viðurkenninguna hefir fengið frá bankanum, án þess nokkur annar, sem viðurkenningin kann að vera afsöluð, geti búið kröfu á hendur bankanum.

2. 2. málsgr. *d*-liðs sömu greinar hljóði svo:

   Frá ársarðinum dragist fyrst hæfileg fjárhæð til afskriftar af væntanlegu bankahúsi og innanstokksmunum, þar næst beint áfallið tap bankans og síðast 10% af ársarðinum til varasjóðs og 5% af hlutafjárupphæðinni til hluthafaarðs.

   Af því, sem fram yfir er, greiðist ríkissjóði:

   5% af fyrstu 100 þús. kr.
   10% af næstu 100 þús. kr.
   25% af afganginum.

3. Við 3. gr. staflið *d*.

   Liðurinn hljóði svo:

   Bankinn skal jafnan hafa í auðseldum innlendum verðbrjefum, er ráðherra tekur gild, sem svarar minst 10% af innlánsfje því, er hann hefir hverju sinni, til tryggingar því.

Alþingi, 24. apríl 1923.

Þorl. Guðmundsson. Jón A. Jónsson, fundaskrifari.

Magnús Guðmundsson. Jakob Möller, framsögum.